



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, 731. mál.

Samtök iðnaðarins þakka fyrir tækifæri til að koma á framfæri umsögn um breytingu á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar sem lúta annars vegar að rýmkun ýmissa heimilda vegna gjaldeyrisviðskipta og hinsvegar auknar rannsóknarheimildir Seðlabankans og hækkun sekta.

Samtök iðnaðarins gera ekki athugasemdir við þær tilslakanir sem lagðar eru til í frumvarpinu og koma fram í greinum 1-11. Í þeim er Seðlabankanum veitt aukin heimild til að veita undanþágur einkum á sviðum þar sem athafnafrelsi fyrirtækja og einstaklinga er takmarkað að ósekju.

Samtökin gera hins vegar athugasemd við þá miklu hækkun sekta sem lögð er til í 12. grein frumvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu verður hámark sekta á lögaðila hækkuð úr 75 m.kr. í 250 m.kr. Á einstaklinga nemur hækkun hámarks úr 20 m.kr. í 65 m.kr. Samtök iðnaðarins telja að núverandi hámarkssektir dugi vel í forvarnaskyni og að rökstuðningur fyrir hækkunum í athugasemdum með frumvarpinu sé veikur. Vandséð er að brot einstaklinga á reglum um gjaldeyrishöft geti valdið *"alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum sem leitt getur til gengislækkunar íslensku krónunnar og dregið á gjaldeyrisforða þjóðarinnar"*, líkt og fram kemur í athugasemd með frumvarpinu. Þreföldun á hækkun hámarkssekta er ennfremur úr takti við þá stefnu sem stjórnvöld hafa um afnám gjaldeyrishafta í áföngum.

Samtök iðnaðarins gera athugasemd við grein nr. 11 þar sem bætt verður í 14. grein laganna ákvæði sem heimilar Seðlabankanum að afla gagna og upplýsinga bæði hjá þeim aðila sem beiðninni er beint að eða annarra aðila sem geta veitt upplýsingar um viðkomandi viðskipti. Þetta má skilja sem svo að Seðlabankanum, sem nú þegar hefur ríkar rannsóknarheimildir, verði heimilt að krefja viðskiptavini og/eða viðskiptafélaga þeirra sem til rannsóknar eru um gögn. Ennfremur segir í grein 11. að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til að veita Seðlabankanum upplýsingar og aðgang að gögnum. Að mati Samtaka iðnaðarins er í þessu ákvæði gengið of langt í að veita Seðlabankanum heimildir.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur SI